

42. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund mánudaginn 22. nóvember 2004 kl. 17.30 í Ráðhúsinu. Mætt voru Sigrún Ársælsdóttir, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Guðrún A. Gunnarsdóttir, Laufey V. Hjaltalín og Ægir Jóhannsson.

Fundur settur af formanni Guðrúnu Önnu.

1. Sigurlína gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun bókasafnsins. Farið var yfir tillögur og sérstök áhersla var lögð á bókakaupalið, þ.e. hækkun. Ekki er hægt að kaupa nema brot af útgáfu hvers árs með núverandi fjárveitingu. Og einnig lögð áhersla á að hraða kaupum á hillubúnaði fyrir safnið. Þær hillur sem fyrir eru, eru gamlar og úr sér gengnar.

Óskað er eftir að ráða afleysingarmann í 6 vikna sumarafleysingu í 50% starf.

Brunavarnir hússins eru í ólestri.

Nefndin styður tillögu Amtbókasafnsins að fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.45.

Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.).

Íhs.